



Reykjavík, 14. september 2018

Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags  
„Kirkjusandur“

sem samþykkt var í borgarráði þann 28. apríl 2016.

Breytingin nær til skilmála fyrir reit E og felst í breytingu á byggingarmagni. Ekki er gerð breyting á öðrum reitum.

Byggingarmagn eykst eingöngu fyrir leikskóla og verður alls 763 m<sup>2</sup>, en af byggingarmagni leikskólans eru 20 m<sup>2</sup> skilyrtir sem B-rými. Byggingarreitur er óbreyttur. Á lóð leikskóla er heimild fyrir geymsluskúr fyrir starfsemi leikskólans utan byggingarreits, í a.m.k. 3 m fjarlægð frá lóðarmörkum. Hámarksstærð skúrsins er 15 m<sup>2</sup> og telst hann til heildarbyggingarmagns.

Sorþyrirkomulag fyrir leikskólann skal leyst á jarðhæð, innan byggingarreits, og í tengslum við götu. Skóla- og frístundasvið getur sótt um djúpgámalausn fyrir leikskólann. Til þess þarf að skilgreina sér lóð í borgalandi.

Heildarbyggingarmagn íbúðarhúsnæðis á lóðinni minnkar úr 6800 m<sup>2</sup> í 6720 m<sup>2</sup> við framangreindar breytingar á byggingarmagni leikskólans.

Þar sem byggingarreitur er óbreyttur og breytingin á heildarbyggingarmagni reitsins telst óveruleg og engin grenndaráhrif hafa er tillagan ekki grenndarkynnt.

**Gildandi skilmálar fyrir reit E:**

Lóðarstærð m <sup>2</sup>	Nýtingarhl. ofanjarðar	Fjöldi hæða	Versl./ þjón./ skrifst. m <sup>2</sup>	Íbúðar m <sup>2</sup>	Samtals m <sup>2</sup>	Kjallari m <sup>2</sup>	Heild m <sup>2</sup>	Nýtingarhl. lóða	Fjöldi íbúða	Bilastæði hámark	C-fletir m <sup>2</sup>	Nýtingarhl. A, B og C
2.903	2,5	1-4h + 3K	550	6.800	7.350	6.150	13.500	4,7	68	68	310	4,8

**Tillaga að breyttum skilmálum fyrir reit E:**

Breytingar í töflu eru feitletraðar.

Lóðarstærð m <sup>2</sup>	Nýtingarhl. ofanjarðar	Fjöldi hæða	Versl./ þjón./ skrifst. m <sup>2</sup>	Íbúðar m <sup>2</sup>	Samtals m <sup>2</sup>	Kjallari m <sup>2</sup>	Heild m <sup>2</sup>	Nýtingarhl. lóða	Fjöldi íbúða	Bilastæði hámark	C-fletir m <sup>2</sup>	Nýtingarhl. A, B og C
2.903	2,6	1-4h + 3K	763	6.720	7.483	6.150	13.633	4,7	68	68	310	4,8

Að öðru leyti gilda skilmálar deiliskipulagsins „Kirkjusandur“, samþykktir þann 28. apríl 2016.

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43 gr. skipulagslag nr. 123/2010, var samþykkt í/á skipulags- og sargræði þann 19. sept. 2018

Til samræmis við heimild í 3. mgr. 44. gr. i.f. var breytingin ekki grenndarkynnt þar sem hún varðaði ekki hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar og/eða umsækjanda.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 19. okt. 2018.